

**1929 nr. 48 14. júní****Lög um laganefnd**

■ **1. gr.** Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

■ **2. gr.** Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og millipinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

■ **3. gr.** Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

□ Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfnni.

■ **4. gr.** Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.